

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB)
2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og
neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju
löndum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2020, frá 7. febrúar 2020, öðlast eftirtalin eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1793 frá 22. október 2019 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 og um niðurfellingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009, (ESB) nr. 884/2014, (ESB) 2015/175, (ESB) 2017/186 og (ESB) 2018/1660. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2020, frá 7. febrúar 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26, frá 23. apríl 2020, bls. 558.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/625 frá 6. maí 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 um tímabundna aukningu á opinberu eftirliti og neyðarráðstafanir sem gilda um komu tiltekinna vara frá tilteknum þriðju löndum inn í Sambandið, um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og (EB) nr. 178/2002 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/943 og framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/88/ESB. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1540 frá 22. október 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1793 að því er varðar sesamfræ sem er upprunnið á Indlandi.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994 um eftirlit með fæði, áburði og sáðvöru.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a - 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a - 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fæði, áburði og sáðvöru.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fæði, áburði og sáðvöru og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fella brott reglugerð nr. 835/2010, reglugerð nr. 808/2014, reglugerð nr. 1030/2015, reglugerð nr. 915/2017 og reglugerð nr. 1077/2018, með síðari breytingum.

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. maí 2020. -

- Kristján Þór Júlíusson

- sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

- Þórunn Guðjónsdóttir. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.